

Fimmtudaginn 13. október 1988.
 Nr. 44/1988. Ólafur Ragnarsson
 gegn
 Gottskálki Jóni Bjarnasyni
 vegna Krana sf.

Frestur. Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson og Haraldur Henrysson, settur hæstaréttar-dómari.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 8. febrúar 1988 til þingfestingar 11. apríl s.á. Fékk hann þá frest til október-mánaðar 1988. Er málið var tekið fyrir 3. október sl. bað áfrýjandi um að því yrði frestað til desember nk., en stefndi andmælti því að frekari frestur yrði veittur og krafðist þess að málinu yrði vísað frá Hæstarétti og áfrýjanda gert að greiða málskostnað.

Samkvæmt vottorði Hjördísar Hákonardóttur borgardómara, er dæmdi mál þetta í héraði, hafði áfrýjandi enn ekki pantað dóms-gerðir 3. október 1988.

Telja verður, að áfrýjandi hafi þegar haft nægan frest til að búa mál sitt til flutnings fyrir Hæstarétti. Að svo vöxnu þykir ekki fært að veita frekari frest í því gegn andmælum stefnda. Ber því að vísa máli þessu frá Hæstarétti, sbr. 41. gr. laga nr. 75/1973 um Hæsta-rétt Íslands, og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Ólafur Ragnarsson, greiði stefnda, Gottskálki Jóni Bjarnasyni vegna Krana sf., 5.000,00 krónur í málskostn-að fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.